

Fundargerð 86. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 28. mars kl. 12:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU**

Til umræðu voru drög að frumvarpi um breytingu á lögum um veiðigjald en samkvæmt matvælaráðuneytinu mun hækkunin nema allt að 10 milljörðum kr. Undir þessum lið mættu Magnús Kristjánsson og Róbert Ragnarsson frá KPMG og fóru yfir tillögu að vinnu við að greina áhrif frumvarpsins á sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn samþykkir að fela KPMG að vinna greiningu á áhrifum hækkun veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög. Stjórnin samþykkir einnig eftirfarandi bókun:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga lýsa yfir eindreginni andstöðu við tillögu ríkisstjórnarinnar um hækkun veiðigjalda enda getur ríkisstjórnin ekki sýnt fram á áhrif hækkunar á sveitarfélög.

Umrædd breyting getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútvegssveitarfélög sem reiða sig á greinina til atvinnu og tekjuöflunar. Þrátt fyrir þessa óvissu fyrir sveitarfélög hafa engin gögn verið lögð fram um áhrif tillögunnar á landsbyggðina né einstök sveitarfélög sem er með öllu óásættanlegt. Er þetta einnig í andstöðu við 129. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að fara eigi fram sérstakt mat á áhrifum lagabreytinga á fjárhag sveitarfélaga.

Við teljum þessa tillögu bera vott um skort á skilningi á mikilvægi sjávarútvegs fyrir byggðafestu og stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Hækkun veiðigjalda að þessu marki getur ekki aðeins haft mikil áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækja og samspil veiða og vinnslu, heldur einnig á fjölda samfélaga vítt og breitt um landið.

Samtökin skora á ríkisstjórnina að staldra við og hefja gagnsætt samtal við hagaðila um sanngjarna og rökstudda nálgun á grundvelli greininga á áhrifum á ekki eingöngu fyrirtæki heldur einnig sjávarútvegssveitarfélög. Í framhaldinu verði lögð fram endurskoðuð tillaga byggð á samtölum og greiningum.

Samtökin gera líka athugasemdir við þann stutta umsagnarfrest sem veittur var, þ.e. 10 dagar, sérstaklega í ljósi þess að engin greiningargögn eru til staðar. Ómögulegt er fyrir sveitarfélög að greina áhrif og halda sveitarstjórnarfundi innan þess tímaramma til að senda inn greinargóða umsögn. Því gera samtökin skýlausa kröfu að umsagnarfrestur verði lengdur til að gefa öllum sveitarfélögum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

2. Landsréttur - aflagjald á eldisfisk - 2503004SU

Til umræðu niðurstöður Landsréttar í máli Vesturbyggðar vegna innheimtu aflagjalds af eldisfiski.

Umræðu frestað til næsta fundar

3. Verkaskipting stjórnar - 2409001SU

Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar, hefur óskað eftir því að stíga til hliðar sem formaður stjórnar samtakanna í ljósi þess að hann er nú formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt að Íris Róbertsdóttir, varaformaður stjórnar, taki við sem formaður og að Sigfús Ingi Sigfússon taki við sem varaformaður.

Stjórn vil þakka Jóni Birni Hákonarsyni fyrir vel unnin störf sem formaður stjórnar samtakanna og um leið óska honum velfarnar í nýju embætti sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 13:00